



Sjálfbærnisráýrsla 2022



Nákvæmur leiðarvísir

Sjálfbærnisráðgjafi FISK Seafood samstæðunnar er birt samhliða ársuppgjöri hennar. Í skýrslunni er fjallað um ófjárhagslega þætti starfseminnar og nær hún yfir rekstur samstæðu FISK Seafood ehf. nema annað sé tekið fram. Skýrslan er unnin samkvæmt leiðbeiningum Samtaka atvinnulífsins, Viðskiptaráðs Íslands og Staðlaráðs Íslands auk UFS leiðbeininga Nasdaq kauphallarinnar, útgáfu 2.0 frá febrúar 2020 (ESG Reporting Guide 2.0).



Skýrslan tekur til ársins 2022 þar sem upplýsingar og mælingar eru byggðar á gögnum og þekkingu sem fyrirtækið hefur undir höndum á þeim tímapunkti sem skýrslan er skrifuð. Hún er ekki tæmandi yfir þau áhrif sem fyrirtækið hefur á samfélag, umhverfi og efnahag. Skýrslan hefur ekki verið endurskoðuð af þriðja aðila.

Skýrslan er yfirgripsmikill og nákvæmur leiðarvísir þar sem m.a. er tekið á umhverfismálum, sjálfbærri nýtingu fiskistofna, starfsreglum stjórnar, jafnréttismálum, persónuvernd, öryggismálum, mannréttindum, virðingu, innra eftirliti, áhættustýringu o.fl.

Ritstjórn: Friðbjörn Ásbjörnsson, Guðrún Sighvatsdóttir, Kristinn Kristófersson, Stefanía Inga Sigurðardóttir og Sunna Dögg Þorsteinsdóttir.

Ljósmyndir: Davíð Már Sigurðsson

Útgefið: Maí 2023

Þess vegna ber okkur að sýna hinu villta lífi hafsins virðingu og varðveita orðspor þess eftir fremsta megni

Virðing

Ég geri ráð fyrir því að um allan heim sé það viðurkennt að fiskveiðistjórnunarkerfi okkar Íslendinga sé í fremstu röð. Okkur hefur ekki eingöngu tekist að stunda veiðarnar með sjálfbærum hætti eftir að kvótakerfið var innleitt. Við höfum einnig náð að tryggja viðunandi arðsemi af veiðum og vinnslu þrátt fyrir harða samkeppni við erlend risa fyrirtæki sem að auki njóta í flestum tilfellum gríðarmikilla ríkisstyrkja.

Í þessu alþjóðlega samhengi er íslenski sjávarútvegurinn samt agnarsmár. Hlutdeild okkar í fiskveiðum á heimsvísu er aðeins í kringum 1%. Þegar fiskeldi er talið með, sem um þessar mundir vex hratt á milli ára víða um heim, er hæpið að framlag Íslands til fiskmetis á diska heimsbyggðarinnar nái hálfu prósentustigi. Og jafnvel þótt öll íslensku sjávarútvegsfyrirtækin myndu sameinast í eitt dygði það ekki til þess að komast inn á lista 10 stærstu sjávarútvegsfyrirtækja heims. Þess vegna hefur góður árangur og afkoma okkar í fiskveiðunum vakið jafn mikla athygli og raun ber vitni.

Við tölum gjarnan um hina dýrmætu auðlind sem Íslendingum er treyst fyrir í hafinu. Og það eru orð að sönnu. Um aldir hélt hún í okkur lífinu á sama tíma og þjóðin þurfti að sjá á eftir þúsundum sjómanna tína lífi sínu á íslensku fiskimiðunum. Saga okkar er samofin sjómenskunni og þjóðinni er í blóð borin virðing fyrir öllum þeim sem hafa sótt fyrir okkur sjóinn við erfiðar og ógnandi aðstæður. Enda þótt öryggismál sjómanna hafi gjörbreyst til hins betra njóta þeir enn, og munu eflaust gera um langa framtíð, aðdáunar fyrir það erfiða starf sem þeir sinna og þau miklu verðmæti sem þeir afla fyrir þjóðarbúið.

Við berum líka mikla virðingu fyrir uppsprettunni sjálfri – lífríkinu í hafinu. Vel kann að vera að hér áður fyrr hafi verið litið á það sem sjálfsagðan hlut rétt eins og sólskin og rigningu. Um langa hríð hefur okkur samt verið ljóst að svo er alls ekki. Fiskarnir í sjónum eru takmörkuð auðlind sem þjóðin á í sameiningu og má aldrei ganga svo nærri að stærðum einstakra fiskistofna sé ógnað. Þess vegna eru öflugar hafrannsóknir og vönduð veiðiráðgjöf okkur gríðarlega mikilvæg.

Og aflinn sem við færum á land skipar einnig virðingarsess. Við höfum í krafti þekkingar og tækni stóraukið nýtingu sjávarfangsins nánast ofan í hvert einasta bein þess, roð og innfyli. Í þeim efnum höfum við lengi haft frumkvæði, verið fyrirmynd annarra þjóða og notið verðskuldaðrar viðurkenningar á síðustu árum og áratugum.

Við fengum auðlindir okkar í hafinu, gróðursælu og gefandi landinu, orkunni í fallvötnum þess og jarðvarma, náttúrufegurðinni, og nú síðast jafnvel líka í hreinleika andrúmsloftsins að gjöf frá móður náttúru eftir þrotlaust þróunarstarf hennar í milljarða ára. Í greipar hafsins sækjum við gríðarlegt magn villibráðar sem að öðru leyti er nánast með öllu horfin af matardiskum heimsbyggðarinnar enda flest dýr og plöntur til matvælaframleiðslu alin eða ræktuð.

Ef virðing fyrir gæðum, hreinleika og uppruna matvælna minnkar getur samkeppnisumhverfi hefðbundinna fiskveiða, og þá ekki síst ef jafnvel erfðabreyttur eldisfiskur verður ódýrari en sá villti, orðið verulega krefjandi. Þess vegna ber okkur að sýna hinu villta lífi hafsins virðingu og varðveita orðspor þess eftir fremsta megni. Stærsta ógnunin í þeim efnum er auðvitað mengunin sem eðlilega er stöðugt áhyggjuefni um allan heim. Þegar hlýnun andrúmsloftsins, með tilheyrandi hækkun hitastigs og súrnun sjávar, bætist við er ljóst að veiðar villtra fiska á hafi úti eiga í vök að verjast.

Öll umgengni okkar við auðlindina grundvallast á þekkingu og skilningi. Þekkingu sjómenskunnar, fiskvinnslunnar, markaðssviðsins, vísindanna, tæknigeirans og annarra sem daglega starfa innan sjávarútvegsins eða tengjast honum með beinum hætti. Þennan skilning á hafinu í kringum landið byrjuðu Íslendingar að þroska þegar fyrsta bátnum var ýtt úr vör til veiða á landnámsárunum. Þekkingin sem fólgin er í mannauði sjávarútvegsins til sjós og lands er sjálfstæð auðlind og langt í frá minni en sú sem syndir í lögsögunni. Hún nær líka til sjálfbærrar fiskveiðistjórnunar, vinnslu og nýtingar aflans, tæknivæðingar og sjálfvirkni, geymslu sjávarfangsins, þróun og framleiðslu alls kyns hliðarafurða úr sjávarafurðum og síðast en ekki síst skilnings á lögmálum hins alþjóðlega neyslumarkaðar.

Við höfum sjálf vald á mörgum þessara þátta og erum þar af leiðandi okkar eigin gæfu smiðir. Fyrir þekkingunni þurfum við ekki aðeins að bera virðingu heldur hafa það líka hugfast að hún endurnýjast ekki af sjálfu sér. Það eru miklir hagsmunir í húfi og við þurfum að fá ungt fólk til að mennta sig á öllum sviðum sjávarútvegsins. Og það gerist ekki nema með því að atvinnugreinin og allt sem henni tengist sé aðlaðandi vinnuumhverfi bæði hvað varðar öryggi og aðbúnað.

FISK Seafood nálgast verkefni sín af mikilli virðingu fyrir þeirri auðlind sem fyrirtækinu er trúað fyrir. Þar hef ég ekki einungis hafið í huga heldur ekki síður – og raunar enn frekar - starfsfólkið. Án sjósóknar og vinnslu aflans væri auðlindin einskis virði. Aðgengi okkar að þekkingu starfsfólksins og daglegu framlagi þess til starfseminnar er í raun eina auðlindin sem við höfum tök á að rækta og næra eins og við best getum án duttlunga þeirra utanaðkomandi áhrifa sem við höfum ekki vald á. Í þessum mannauði er fólgin lykillinn að árangri okkar í veiðum og vinnslu sjávarfangsins. Fyrir því berum við djúpa virðingu.



Sérhæfing í bolfiski

Fisk Seafood ehf. er eitt af stærstu sjávarútvegsfyrirtækjum landsins. Félagið sérhæfir sig í veiðum á bolfiski og vinnslu hans í sjófrystar og léttsaltaðar afurðir auk framleiðslu á hefðbundnum saltfiski. Félagið hefur aðsetur og rekur stærstan hluta starfsemi sinnar á Sauðárkróki en í samstæðu þess eru einnig Soffanías Cecilsson ehf. í Grundarfirði, útgerðarfélagin Kiddi Dóra ehf. og Steinunn ehf. ásamt eignarhaldsfélaginu FISK Seafood fjárfesting ehf. Samstæðan gerir út einn frystitogara, tvo ferskfisktogara og tvo ísfisktogara auk smærri skipa og báta. Hjá henni starfa hátt í 300 manns og koma um 83% tekna félaganna erlendis frá en aðrar tekjur, einkum vegna annars afla en þorsks og ufsa, frá fiskmörkuðum sem áframselja afurðina að stórum hluta á erlenda markaði. Samstæðan selur stærsta hluta útflutnings síns í gegnum Iceland Seafood International til Suður-Evrópu og Bretlands. Einnig eru Portúgal, Ítalía, Holland og Nígería mikilvæg markaðssvæði.



FISK Seafood leggur mikla áherslu á sjálfbærni í öllum rekstri sínum og er staðráðið í að ná því lögbundna markmiði að starfsemi verði með öllu orðin kolefnishlutlaus árið 2040. Á meðal leiða að þeim árangri er fyrirhuguð nýbygging hátækni-frystihúss, endurnýjun skipa og kælimiðla um borð í núverandi flota, enn frekari flokkun á úrgangi og minnkun urðunar, minnkandi notkun jarðefnaeldsneytis og kolefnisjöfnun rekstursins með skógrækt.

Stærstu óvissuþættir í daglegum rekstri FISK Seafood eru annars vegar tengdir ákvörðunum stjórnvalda um fiskveiðiheimildir og hins vegar menningu, kaupmætti og neyslumynstri á helstu markaðssvæðum. Sömuleiðis er verðsamkeppni á alþjóðlegum matvælamarkaði og gengisskráning helstu gjaldmiðla á meðal rekstrarþátta sem félagið hefur ekki á valdi sínu. Til lengri tíma litið er þróun lífríkis hafsins vegna aukinnar súrnunar og mengunar, með tilheyrandi mögulegum áhrifum á ímynd villibráðarinnar sem þangað er sótt, á meðal þess sem sjávarútvegurinn, og raunar heimsbyggðin öll, þarf að takast á við.

Rekstur samstæðu FISK Seafood er háður ítarlegu regluverki og opinberu eftirliti hvað varðar fiskveiðar, vinnslu og sölu á afurðum. Félagið leggur áherslu á að viðhafa og fylgja eftir skýrum ferlum og eftirlitskerfum svo að tryggt verði að rekstur þess uppfylli gerðar kröfur til hins ýtrasta. Rekjanleiki afurðanna, sjálfbærni starfseminnar, umhverfispættir og heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna skipta þar miklu máli.

Starfsemi FISK Seafood á rætur sínar að rekja til ársins 1955 þegar Kaupfélag Skagfirðinga stofnaði Fiskiðju Sauðárkróks. Hún varð síðar hluti af FISK Seafood og hefur vöxtur félagsins síðan einkum orðið með kaupum á fiskveiðiheimildum og samruna við önnur sjávarútvegsfyrirtæki. Helst má þar nefna Útgerðarfélag Skagfirðinga, Skjöld, Hraðfrystihús Grundarfjarðar, Soffanías Cecilsson og Skagstrending. Félagið er um þessar mundir hið þriðja stærsta í úthlutuðum bolfiskkvóta á Íslandsmiðum.

FISK Seafood er í eigu Kaupfélags Skagfirðinga sem er samvinnufélag u.þ.b. 1.300 einstaklinga sem flestir eru búsettir í Skagafirði. Margir þeirra hafa verið eða eru starfandi í landbúnaði og tengdri starfsemi í héraðinu. Í hinu dreifða eignarhaldi með sinni lýðræðislegu ákvarðanatöku er fólgin rík skuldbinding og tryggð félagsins við heimahagana.

» ...og þjóðinni er í blóð borin virðing fyrir öllum þeim sem hafa sótt fyrir okkur sjóinn við erfðar og ógnandi aðstæður

Veiðar

Samstæða FISK Seafood gerir út fimm togara, eitt línuskip og einn smábát. Einnig á félagið 60% eignarhlut í Steinunni ehf. sem gerir út samnefndan dragnótarbát frá Ólafsvík.

Arnar HU-1 er smíðaður í Langsten Slip árið 1986 og er á sjófrystingu. Áhöfn skipisins samanstandur af 54 einstaklingum sem skipta róðrum á milli sín. Yfirleitt rær hvor áhöfn í 25-35 daga í senn og tekur svo sambærilega langt frí. Skipstjórar eru Guðmundur Henry Stefánsson og Guðjón Guðjónsson.

Málmey SK-1 er smíðuð í Flekkafjörð slipp og Mók árið 1987. Í áhöfn eru 25 einstaklingar sem skipta róðrum á milli sín, en fimmtán eru um borð á hverjum tíma. Skipstjórar eru Björn Jónsson, Þórarinn Hlöðversson og Hermann Einarsson. Þorskur og ufsi fer að langmestu leyti til vinnslu á Sauðárkróki en annar afli fer á markað.

Drangey SK-2 er smíðuð í Cenre Shipyard árið 2017. Í áhöfn eru 25 einstaklingar sem skipta róðrum á milli sín með sama hætti og gert er á Málmey og með jafnmarga um borð hverju sinni. Skipstjórar eru Ágúst Óðinn Ómarsson og Halldór Þorsteinn Gestsson. Mestur hluti þorsks og ufsa fer til vinnslu á Sauðárkróki en annar afli fer á markað.



Sigurborg SH-12 er smíðuð af Nordship árið 2007. Skipið kom inn í rekstur Soffaníasar Cecilssonar haustið 2019 og er gert út frá Grundarfirði. Í áhöfn eru tólf einstaklingar og eru níu um borð hverju sinni. Skipstjóri er Ómar Þorleifsson. Mestur hluti þorsks og ufsa fer til vinnslu hjá Soffaníasi Cecilssyni en eftir atvikum einnig á Sauðárkrók. Annar afli er settur á markað.

Farsæll SH-30 er smíðaður af Ching FU Shipbuilding Co Ltd. árið 2009. Skipið kom inn í rekstur FISK Seafood haustið 2019 og er gert út frá Grundarfirði. Eins og á Sigurborgu eru tólf í áhöfn og níu þeirra til sjós hverju sinni. Skipstjóri er Guðmundur Snorrason. Mestur hluti þorsks og ufsa fer til vinnslu hjá Soffaníasi Cecilssyni í Grundarfirði en einnig er aflinn stundum tekinn til vinnslu á Sauðárkróki. Annar afli er settur á markað.

Steinnun SH-167 er dragnótarbátur sem smíðaður var í Stárvík árið 1971. Í áhöfn eru níu einstaklingar sem skipta með sér róðum og er skipið gert út frá Ólafsvík. Skipstjóri er Oddur Brynjásson og fer allur afli á fiskmarkað. Áætlað er að Steinnun ehf. verði komið að fullu inn í rekstur samstæðu FISK Seafood á næstu kvótaáramótum. Steinnun er því þetta árið einungis að hluta til í sjálfbærnisráslu samstæðunnar. Starfsfólk Steinnunnar er talið með í starfsmannafjölda samstæðunnar og rekrutertekjur félagsins koma fram í ársreikningi og sjálfbærnisráslu fyrir starfsárið 2022.

Tryggvi Eðvarðs SH-3 er krókabátur smíðaður í Hafnarfirði og Póllandi árið 1999. FISK Seafood leigir skipið og kvóta þess og gerir það út frá Ólafsvík. Í áhöfn eru 8 einstaklingar sem skiptast á um vinnu í u.þ.b. tveggja vikna löngum róðartímabilum. Skipstjórar eru Gyfi Scheving Ásbjörnsson og Friðrik Ólafsson. Stærstur hluti þorsks og ufsaflans fer til vinnslu hjá Soffaníasi Cecilssyni en annar afli er settur á markað.

Lundey SK-3 er smíðuð af Trefjum árið 2007. Í áhöfn eru 3 einstaklingar sem stunda tilraunaveiðar í Skagafirði. Skipstjóri er Ásbjörn Ottarsson. Afli bátsins fer ýmist til vinnslu hjá FISK Seafood eða á markað.



Kvótaskerðingar síðustu ára hafa reynst félaginu áskorun en hingað til hefur tekist að halda fullri starfsemi án þess að leggja skipum eða loka vinnslum. Mikill niðurskurður var á botnfiskheimildum samstæðunnar kvótaárið 22/23, eða 6% í þorski og 20% í gull- og djúpkarfa. Aukning í ýsu nam hins vegar 23%. Frá kvótaárinu 20/21 til 22/23, hafa úthlutaðar heimildir samstæðunnar í þorski verið skertar um 20%, í gullkarfa um 39% og djúpkarfa um 49%. Einnig hefur stríðið í Úkraínu sett sitt strik í reikninginn því frystitogarinn Arnar missti igildi tveggja mánaða verkefna þegar kvóti skipisins var að fullu afnuminn á yfirráðasvæði Rússa í Barentshafi og í norska hluta Barentshafsins var hann skertur til muna.


„Fyrir þekkingunni þurfum við ekki aðeins að bera virðingu heldur hafa það líka hugfast að hún endurnýjast ekki af sjálfu sér“

Vinnsla

FISK Seafood er með starfsstöðvar á Sauðárkróki og í Grundarfirði. Á Sauðárkróki er rekin bolfiskvinnsla sem vinnur þorsk og ufsa í léttisaltaðar afurðir sem markaðsettar eru á Spáni og í Brasíliu. Einnig er rekin þurrkstöð sem þurrkar hausa og hryggi sem falla til bæði í landvinnslunni á Sauðárkróki og einnig hjá Soffaníasi Cecilssyni í Grundarfirði. Hjá SC er framleiddur hefðbundinn saltfiskur og er hráefnið einkum þorskur, ufsi og langa. Árið 2022 voru tekin til vinnslu 9.387 tonn af fiski á Sauðárkróki og 3.085 tonn á Grundarfirði sem skiluðu rúnum 7,4 milljörðum króna í tekjur. Þurrkhúsið skilaði af sér 860 tonnum af afurðum.

Á myndunum hér að neðan má sjá þróun á hráefni til vinnslu frá 2018-2022. Áður var langstærsti hluti framleiðslunnar unninn fyrir stóreldhús og veitingastaði. Á meðan á heimsfaraldrinum stóð rífaði félagið seglin og breytti um áherslur með því að auka framleiðslu á smærri flökum fyrir smásölumarkaðinn þegar hótélum og veitingastöðum var gert að loka. Tekið var inn meira af ódýrari tegund (ufsa) til vinnslu til að koma til móts við þörmörk í verði. Það sem hefur einnig áhrif á magn til vinnslu eru kvótaskerðingar og hátt verð á fiskmörkuðum.

Þróun á hráefni



Gæðamál

FISK Seafood selur langstærstan hluta afurða sinna á erlendan markað og þar skiptir miklu máli að kröfum um gæði og stöðugleika sé mætt í hvívetna. Heilnæmi afurðanna og rekjanleiki þeirra er kaupendum mjög hugleikinn og stendur Ísland framarlega í þeim efnum. Hjá FISK Seafood er unnið eftir kerfi sem tryggir með ýggjandi og gagnsæjum hætti rekjanleika afurða frá veiðum til kaupenda. Hefur félagið hlotið tvennskonar vottun, annars vegar MSC og hins vegar IRF, á áreiðanleika þeirra upplýsinga.

Allar starfsstöðvar félagsins starfa samkvæmt GÁMES háttgreiningu (Greining Áhættuþátta og Mikilvægra EftirlitsStaða), sem á ensku er skammstafað HACCP. Matvælastofnun (MAST) fer með eftirlit á öllum starfsstöðvum FISK Seafood og heldur félagið á nokkrum leyfisnúmerum ýmist til framleiðslu eða vinnslu á afurðum. FISK Seafood hefur starfað samkvæmt International Food standard (IFS) síðan árið 2012 en ekki hefur ennþá verið unnt að taka út starfsemiina eftir heimsfaraldurinn. Umsókn um úttekt hefur verið samþykkt af til þess bærum þriðja aðila sem áætla að gera úttektina á árinu 2023.

- MSC (Marine Stewardship Council) – gild vottun
- IRF (Iceland Responsible Fisheries) – gild vottun
- IFS (International Food Standard) - í endurvottunarfirli

Markaðsmál

Á árinu jók **FISK Seafood** eignarhlut sinn í sölufyrirtækinu Iceland Seafood International og um áramótin átti félagið 11,3% hlut í félaginu. Langstærstur hluti afurða félagsins er seldur í gegnum Icelandic Seafood og dótturfélag þess, Iceland Seafood Iberica. Stærstu viðskiptalönd félagsins fyrir léttisaltaðar og saltaðar afurðir voru Spánn, Ítalía og Grikkland. Sjófrystar afurðir af Arnari HU-1 voru seldar til Bretlands, Póllands og Bandaríkjanna. Afurðir félagsins rótuðu þó einnig á fleiri markaði, þá sérstaklega í Mið- og Norður Evrópu. Þurrkaðar afurðir voru helst seldar til Nígeríu. Allar afurðir félagsins sem fóru í útflutning voru fluttar sjóleiðina til markaðslandanna.

Félagið hefur útflutningsleyfi til ýmissa sérleyfismarkaða utan Evrópu:

- Landvinnsla Sauðárkróki (A404) – Brasíla, Kína og Evrasíasambandið.
- Arnar HU-1 (A365) – Kína, Suður-Kórea , Evrasíasambandið og Víetnam

Starfsemi FISK Seafood er háð nokkrum utanaðkomandi þáttum sem félagið getur litið sem engin áhrif haft á. Meðal annars er hún háð menningu og neyslu í Suður Evrópu á framleiðsluafurðunum og hún er einnig háð kvótasetningu og lagaramma hvers tíma utan um sjávarútveg á Íslandi. Hér spilar einnig inn í efnahagsástand á okkar markaðssvæðum. Stríðsátökin í Úkraínu höfðu ekki bein áhrif á sölu afurða okkar þar sem þær eru hvorki seldar þar né í Rússlandi.

Fjárfestingar

Helstu fjárfestingar félagsins á árinu voru uppbygging á húsnæði sem mun ýsa Fiskmarkað Sauðárkróks að Sandeyri 2 á Sauðárkróki. Hefur sú framkvæmd gengið vel og var húsnæðið tekið í notkun á fyrsta ársfjórðungi 2023. Markmiðið með þessu samstarfi við öflugan fiskmarkað, sem rekin er af Fiskmarkaði Snæfellsbæjar, er að hækka virði þess afla sem er landað og auka gæði með bættari flökun og slægingarþjónustu. Með þessu skrefi teljum við að hingað muni leita fleiri smábátar til löndunar, að við fáum hærra verð fyrir þann fisk sem fer á markað og að fjárfestingin verði lyftistöng fyrir önnur fyrirtæki á svæðinu í sjávarútvegi og vöruflytningum.

Nýsköpun

FISK Seafood er virkur þátttakandi í verkefnum tengdum vísindarannsóknum og nýsköpun í sjávarútvegi sem nýtast bæði nærsamfélaginu og alþjóðasamfélaginu. Á árinu var skrifað undir samning um frumhönnun á nýju skipi sem mun búa yfir allri nýjustu og bestu tækni sem völ er á við nýbyggingu skips. Í þeim efnum er m.a. horft til nýs orkugjafa, sparneytni í orkunotkun og vistvænnar rafmagnstengingar í landi. FISK Seafood leggur sitt af mörkum í samstarfsverkefnum SFS (Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi) og tekur þátt í starfi vinnuhóps SFS sem leitast við að draga úr kolefnislosun sjávarútvegsins.

Höfnin

Engum dylst að höfnin á Sauðárkróki er barn síns tíma og stendur nú þegar samkeppnishæfni FISK Seafood, og raunar fleiri atvinnugreinaum í Skagafirði, fyrir þrifum. Bæði flutningaskip og skemmtiferðaskip hafa stækkað og þau nýjustu geta fæst athafnað sig í höfninni. Sama gildir um fyrirhugaða endurnýjun FISK Seafood í fiskveiðiflota sínum. Orkuskiptin og aðrir umhverfisþættir kalla af ýmsum ástæðum á stærri fiskiskip. Ein þeirra er sú einfalda staðreynd að vistvent eldsneyti tekur þrefalt meira pláss um borð heldur en oílan. Þess vegna verða skipin að stækka. Án þess að nútímavæða innviðina, þ.e. að dýpka og stækka höfnina, mun flotinn úreltast og glata samkeppnishæfni sinni.

Um leið og ákvörðun er hýrni. Verið tekið um endurbætur á höfninni huss er þar fremst í flokki og það liggur í augum uppi að tilhögun hennar og umfang ræðst talsvert af því hvort fjárveiting fái st háfnarframkvæmdanna á allra næstu misserum.

Samfélagsspor

Samfélagsspor samstæðunnar gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins. Samstæðan greiddi 1.631 milljón króna í skatta og gjöld á árinu 2022. Einnig innheimti samstæðan 1.265 milljónir kr. á árinu af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samfélagsspor starfseminnar árið 2022 er því alls 2.895,6 milljónir króna.

Skattspor FISK Seafood	2021	2022
Tekjuskattur	381.553	243.740
Tryggingagjald	221.229	289.604
Mótframlag í lífeyrissjóði	323.014	396.435
Veiðigjöld	414.517	394.276
Gjöld til hafnarsjóða	120.871	147.888
Aðrir skattar og gjöld	159.151	66.730
Kolefnisgjald	93.270	91.899
Innheimtir skattar vegna einstaklinga	946.135	1.265.050
Samtals	2.566.110	2.803.722

Tölur í þúsundum króna.

Heimsmarkmiðin

Markmiðin eru samþætt og örjúfanleg og mynda jafnvægi milli þriggja stöða á fullþærrar aðilarinn; hinna efnahagslegu, félagslegu og umhverfislegu. Mikilvægt er að ríki horfi til markmiðanna á heildstæðan hátt, því þau eru margvætt og krefjast skipulagðrar vinnu af hálfu stjórnvalda en einnig þátttöku og samstarfs ólíkra hagsmunaaðila.

Á undanförmum árum hefur FISK Seafood þróað stefnu félagsins í ýmsum málum. Sú markmiðasetning, ásamt vottunum sem félagið hefur, styður við mörg af heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. FISK Seafood tók einnig þátt í mótun samfélagsáttmála Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og skuldbarð sig um leið til þess að uppfylla hann. Heimsmarkmiðin sem félagið tengir sig sérstaklega við eru eftirgreind:

3 HEILSA OG VELLÍBAN

Heilsa og vellíðan
FISK Seafood hefur á síðustu árum þróað stefnu í öryggis- og vinnuverndarmálum. Félagið leggur áherslu á að auka markvisst öryggi starfsmhverfis og lágmarka slyshættu við störf. Við leitum leiða til að tryggja öryggi og heilsusamlegt vinnuomhverfi þar sem einelti, ofbeldi og kyndubíð eða kynderbíðlegt áreiti er óheimilt

5 JAFNRÉTTI KYNJANNA

Jafnrétti kynjanna
Árið 2020 hlaut **FISK Seafood jafnlaunavottun** til staðfestingar þess að fyrirtækið tryggir jöfn tækifæri og jafnrétti kynja til að vinna. Við liðum ekki mismunum og virðum fjölbreytileika. Hvers kyns misbeitingu vegna kyns, kynhneigðar, ólíks uppruna o.s.frv. er hafnað. Félagið lætur sér annmt um jöfn tækifæri foreldra til tóku fæðingarorlofs og samneytis við fjölskyldu sína.

8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR

Góð atvinna og hagvöxtur
FISK Seafood kappkastar að auka framleiðni með tækninýjungum og uppbyggingu innviða. Með þessu viljum við stuðla að samfélagslegri framleiðslustarfsemi þar sem fullvinnsla og fullnýting hráefnis á sér stað í sátt við umhverfi og afkastefni. Félagið er meðvitað um það hlutverk sitt að opna fólki með skertu starfsorku leiðir að atvinnutækifærum.

9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING

Nýsköpun og uppbygging
FISK Seafood er virkur þátttakandi í verkefnum tengdum nýsköpun og sjávarútvegi. Félagið vill gjarnan tengjast enn frekar vísindarannsókn og athugunum á áhrifum sjávarútvegs á auðlindir og umhverfi.

12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA

Ábyrg neysla og framleiðsla
FISK Seafood kappkastar að nýta allt hráefni til hins ýrasta og áframvinna hlíðarafurðir eins og unnt er. Það sem eftir stendur er sent til frekari vinnslu utan fyrirtækisins. Til að staðfesta hollustu félagsins við sjálfbæra nýtingu auðlinda og ábyrgar fiskveiðar hefur FISK Seafood hlotið IRF vottun (Iceland Responsible Fisheries). Einnig er FISK Seafood og Soffaníasi Cecilísson með MSC rekjanleikavottun (Marine Stewardship Council) í skipum og vinnslum. Sjómönnum samstæðunnar er skylt að fylgja eftir V. víðauka MARPOL samningsins.

13 AÐGERÐIR Í LOFTLAGSMÁLUM

Aðgerðir í loftlagsmálum
FISK Seafood á draga úr notkun jarðefnaeldsneytis og endurnýjun í skipum og höfnum. Einnig hefur félagið nýtt tækifæri til þess að leikja á út ósneyðandi kælimiðlum. Stefnt er að því að auka hlutdeild vistvæna orkugjafa sem eru raunhæfir og samkeppnishæfir.

14 LÍF Í VATNI

Líf í vatni
Það er hagsmunamálið **þjóðarinnar**, og raunar heimsbyggðarinnar allrar, að nýting fiskistofna sé sjálfbær. FISK Seafood setur sér það markmið að ganga vel um auðlindir hafsinna með gagnsæjum og rekjanlegum fiskveiðum og færa í hvívetna að lögum um skriðu skrifari sinni. Til að staðfesta hollustu félagsins við sjálfbæra nýtingu auðlinda og ábyrgar fiskveiðar hefur FISK Seafood hlotið IRF vottun (Iceland Responsible Fisheries). Einnig er FISK Seafood og Soffaníasi Cecilísson með MSC rekjanleikavottun (Marine Stewardship Council) í skipum og vinnslum. Sjómönnum samstæðunnar er skylt að fylgja eftir V. víðauka MARPOL samningsins.

Kolefnisjöfnun og sjálfbærni

Samstæða FISK Seafood vinnur eftir skilgreindri umhverfisstefnu sem hefur það að meginmarkmiði að ganga vel um þær auðlindir sem við nýtum og þá orkugjafa sem við notum. Aukin sjálfbærni í umhverfismálum næst m.a. með vandaðri flokkun á úrgangi, lágmörkun urðunar, nútímalegri upp færslu kælimiðla, minnkandi notkun jarðefnaeldsneytis og kolefnisjöfnun rekstursins með skógrækt.



Árið 2021 keypti FISK Seafood jörðina Brennigerði í Skagafirði þar sem stunduð hafði verið skógrækt frá árinu 1972. Stefna félagsins er að halda þeirri skógrækt áfram og nýta það starf til að kolefnisjafna þá þætti rekstursins þar sem ekki er unnt að koma í veg fyrir kolefnislosun að fullu.

Á árinu hófst vinna við uppsetningu á Power BI gagnagrunni sem verið er að þróa til uppsetningar á gagnvirku mælaborði þar sem fylgjast má með innkaupum, olíunotkun og fleiru sem tengist umhverfis- og sjálfbærnimálum í rauntíma.

Hringrásarhagkerfið

Með nýjum lögum um hringrásarhagkerfið ber félaginu skylda til að sinna flokkun og skilum á úrgangi skv. nákvæmu regluverki. Stærstu breytingarnar eru fólgnar í greiðari aðgangi að flokkunarílátum auk þess sem við fáum vigtunartölur fyrir þann úrgang eða óunnið hráefni sem við skilum til endurvinnslustöðva. Þetta er okkur hvatning til gera enn betur í flokkun á þeim úrgangi sem fellur til. Seinni hluta ársins 2022 hófst undirbúningur fyrir flokkun „heimilisúrgangs“ um borð í ferskiskskipum og í landvinnslunni á Sauðárkróki. Íslenska Gámafélagið hefur séð um sorphirðu á Grundarfirði og árið 2023 mun það taka við sorphirðu í Skagafirði. Stefnir er að því að flokkun og vigtun á úrgangi hjá starfsstöðvum á Sauðárkróki verði komin í fastar skorður í árslok.

Veidarfærum er ávallt safnað saman og komið til söfnunarstöðva sem sjá um að koma þeim til endurvinnslu. Samkvæmt gögnum frá Ísfelli á Sauðárkróki sendum við þangað á árinu 30,2 tonn af veidarfærum til endurvinnslu. Í þeim voru HDPE efni 24,2 tonn, PA efni 1,5 tonn. Það sem ekki var hægt að endurnýta og fór í brennslu/urðun voru 4,5 tonn. 85% af ónýtum veidarfærum okkar fóru því aftur í hringrásarhagkerfið. Einnig skiluðum við inn um 15 tonnum af gúmmilengjum. Eitt af umhverfisverkefnum ársins 2023 verður að ná gögnum frá fleiri móttökustöðvum fyrir veidarfæri og fá frá þeim betri skráningar á skilum veidarfæra.

Einn af mikilvægustu þáttum vegna upplýsingaöflunar í hringrásarhagkerfinu fæst af innkaupareikningum er varðar tegundir aðkeyptra plastefna, það er tegund og þyngd einstakra efna. Í dag tilgreina fyrirtæki gjarnan vörur á reikningi sínum sem stykki, rúllur og kassa án þess að gefa upp tegund plastsins, t.d. HDPE eða LPDE, eða þyngd. Vonandi er að á því verklagi verði breyting hið allra fyrsta svo hægt sé að tölvukerfi geti lesið slík gögn beint af reikningum..

Eitt óhappsatvik varð á árinu þar sem Arnar HU-1 tapaði veidarfærunum við Reykjanes hrygg. Skipið varði þremur sólarhringum í tilraunir til að slæða upp veidarfærin en hafði ekki erindi sem erfiði í þeirri tilraun nema að litlu leyti. Á þessum slóðum er hafsbotninn gríðarlega erfiður til leitar þar sem tindar og hryggir eru háir og hvasir. Tilkynning var send til Landhelgisgæslu og Fiskistofu þar sem getið var um staðsetningu veidarfæra auk frekari upplýsinga sem krafist er í reglugerð 474/2020 með síðari breytingum. Skuttogarinn Tómas Þorvaldsson fékk veidarfærin í trollið nokkrum mánuðum seinna og eru hlerarnir það eina sem ófundið er.

» Í þessum mannaöldi er fölginn lykkillinn að árangri okkar í veidum og vinnslu sjávarfangsins. Fyrir því berum við djúpa vírdöngu.

Ábyrgar fiskveiðar

Það er hagsmunamál þjóðarinnar, og raunar heimsbyggðarinnar allrar, að nýting fiskistofna sé sjálfbær. FISK Seafood kappkostar að að ganga vel um auðlindir hálsins með gagnsæjum og rekjanlegum veiðum jafnframt því að fara í hvívetna að lögum, reglum og samþykktum um veiðar. Til að staðfesta hollustu félagsins við sjálfbæra nýtingu auðlinda og ábyrgar fiskveiðar hefur félagið hlotið IRF vottun (Iceland Responsible Fisheries) auk þess sem lögbundið eftirlit Fiskistofu fer fram.

FISK Seafood gerir sér grein fyrir mikilvægi þess að nýting fiskistofna sé sjálfbær og að heilbrigði lífríkis sjávar um allan heim sé varðveitt af alefli. Árið 2011 stofnuðu Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi og Landsamband smábátæigenda sjálfseignarstofnunina Ábyrgar fiskveiðar. Tilgangurinn var að annast rekstur vörumerkja um ábyrgar fiskveiðar, gerð og viðhald samninga um vottun ábygrga fiskveiða, miðlun upplýsinga um fiskveiðar Íslendinga, með sérstakri áherslu á kaupendur og neytendur íslenskra sjávarafurða, og önnur skyld verkefni. Markmið félagsins er að stuðla að og viðhalda ábyrgum fiskveiðum til hagsbóta fyrir komandi kynslóðir. FISK Seafood er aðili að þessu félagi í gegnum Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi

FISK Seafood er hluthafi í ISF (Iceland Sustainable Fisheries). Félagið var stofnað 2012 af nokkrum fyrirtækjum sem stunda veiðar, framleiðslu og sölu á íslenskum sjávarafurðum víða um heim. FISK Seafood starfar samkvæmt alþjóðlegum stöðlum sem hafa það að markmiði að tryggja rekjanleika afurða frá veiðum til kaupenda auk þess að vinna eftir kerfum sem fela í sér hættugreiningu sem hámarkar gæði og öryggi afurða.


Orkunýting

Árið 2022 notuðu skip samstæðunnar um 7,7 milljónir lítra af eldsneyti sem áætlað er að losi tæplega 21 þúsund tonn af CO₂ ígildum. Bílar lyftarar og önnur flutningstæki losuðu um 4,8 tonn af CO₂ ígildum. Á móti þessari losun voru veidd um 23.543 tonn af slægðum fiski. Þetta samsvarar losun upp á 1,1 tonn af CO₂ ígildi á hvert tonn af slægðum fiski. Af þessari olíu voru greiddar um 91,9 milljónir króna í kolefnisgjöld. Á síðustu árum hefur félagið unnið að því markmiði að vera með færri og hagkvæmari skip, bæði hvað varðar olíunotkun og veiðigetú.


Olíunotkun skipa er háð mörgum þáttum. Helst má nefna að ástand, samsetning og staðsetning fiskistofna ræður miklu um þann siglingartíma sem þarf til að sækja rétt samsettan afla Einnig hafa veður og hafstraumar áhrif á olíueyðslu. Annar þáttur sem hefur veruleg áhrif á olíunotkun fyrir hvert veitt tonn er hversu vel tekst að nýta veiðigetú skipanna. Við leggjum áherslu á að skipstjórnarmenn nýti landrafmagn í innveru skipa eins og kostur er.

Árið 2020 ákvað Umhverfisstofnun að úrgangsolía yrði flokkuð sem hráefni til endurvinnslu og hefur það áhrif til lækkunar á útreiknuðu kolefnisspori félagsins. Árið 2022 skilaði félagið inn um 59.300 lítrum af úrgangsolíu til endurvinnslu.


Olíunotkun skipa milli ára



Olíunotkun skipa 2022



Olíunotkun á veitt tonn



Rafmagn

Árið 2022 notaði FISK Seafood samstæðan rúmlega 6.148.253 kílóvattstundir af rafmagni. Áhersla er lögð á notkun endurnýtanlegra orkugjafa eins og kostur er, t.d. með því að tengja skip í landrafmagn þau eru í höfn. Á árinu var gengið frá sölu á seiða- og bleikjueldisstöðvum FISK Seafood og skýrir það að hluta til lækkun um 1.884.000 kílóvattstundir í rafmagnsnotkun á milli ára. Skip félagsins notuðu samtals um 397.000 kílóvattstundir í landtengingu sem er um 23.000 kílóvattstunda aukning á milli ára. Öll raforka samstæðunnar er 100% endurnýjanleg.

Kælimiðlar

FISK Seafood hefur unnið markvisst að því að skipta út ósoneyðandi kælimiðlum þegar tækifæri hafa sést til. Í lok ársins voru engir vetnisklórfúorkolefnismiðlar (HCFC) í notkun hjá félaginu. Aftur á móti er talið skv. loftlagsáætlun atvinnulífsins að sjávarútvegur beri ábyrgð á um helmingi losunar landsins vegna HFC kælimiða. Markmið næstu ára er að fjarlægja þessa HFC kælimiða og setja upp ammoníaks- eða CO₂ kerfi í staðinn. Kælimiðlar sem notaðir eru í dag eru að langstærstum hluta ammoníak, einnig eru R134a, R404A, R407a, R449 notaðir. Árið 2022 var bætt um 260 kg af HFC kælimiðlum á kerfi félagsins sem reiknast sem 760 tCO₂.

Vistferilsgreining skipa

FISK Seafood tekur ásamt fleiri sjávarútvegsfyrirtækjum þátt í verkefni með Matís og Háskóla Íslands þar sem verið er að vistferilsgreina (LCA greining) veiðar félagsins og bera niðurstöður saman við greiningu sem gerð var fyrir skip félagsins. Greiningin er framhald af eldra verkefni sem unnið var með Matís á árunum 2012-2014. Markmið framhaldsverkefnisins er að athuga hvort nýrri skip í núverandi flota séu að skila lægra kolefnisspori á hvert veitt tonn en þau sem eldri eru og stunda svipað veiðimynstur.

Bílar og tæki

FISK Seafood og Soffanías Cecilsson eru í dag með 13 bíla í rekstri auk þess sem félögin hafa allmarga lyftara í notkun. Flestir bílarnir ganga ennþá einungis fyrir jarðefnaeldsneyti og verður hugað að breytingum þar að lútandi við endurnýjun bilaflotans. FISK Seafood notar við rafmagnsknúna lyftara innanhúss en ennþá eru jarðefnaeldsneytislyftarar notaðir úti. Áður en ráðið verður í rafvæðingu bilaflotans þarf að koma upp hleðslustöðvum á helstu akstursleiðum.

Viðskiptaferðir

Árið 2020 og 2021 var nánast ekkert um ferðalög vegna Covid-19. Hinsvegar er annað uppi á teningnum eftir að takmarkanir voru afnumdar. Á vegum samstæðunnar flaug starfsfólk okkar 120.737 km ýmist innanlands eða út fyrir landsteinana sem leiðir til losunar á 10,3 tCO₂ ígildum.

Mannaúðurinn


FISK Seafood er fjölskylduvænn vinnustaður og leggur áherslu á jafnvægi á milli vinnu og einkalífs. Á meðal þess er skipulagning veiðiferða langt fram í tímann og er ekki hvíkað frá þeim áætlanum nema í þvinguðum undantekningartilfellum. Þannig leggjum við okkar lóð á vogarskálur þess að sjómenn okkar geti skipulagt fjölskyldulíf sitt og viðburði í einkalífinu án óvissu um úthald hverju sinni. Þegar yfirvinna býst hefur starfsfólk FISK Seafood val um hvort það nýti slík tækifæri. Yfirvinna stendur öllum innan sama starfs jafnt til boða og er áhersla lögð á það að henni sé deilt jafnt með þeim sem hana vilja þiggja.



Velliðan á vinnustað er lykilorðsenda góðra vinnubragða og langtímasambands á milli fyrirtækisins og starfsfólks þess. Hluti af því er staðgóð næring á vinnutíma. Allt starfsfólk hefur aðgang án endurgjalds að heitum mat í hádegjunu, auk þess sem hollur og næringarríkur morgunverður og fjölbreyttir millimálsbitar standa þeim til boða á vinnutíma.

Alls voru 278 starfsmenn hjá samstæðunni um áramótin 2022/2023. Hlutfall starfsmanna annars vegar til sjós og hins vegar lands breytist lítið á milli ára og er hlutfallið yfirleitt í kringum 50/50. Sem fyrr hallar enn verulega á hlutfall annarra kynja en karla og skýrist það helst af því að nær eingöngu karlar sækja í störf sjómanna hjá félaginu.

Starfsmannahópur samstæðunnar er mjög fjölbreyttur og kemur starfsfólkið okkar frá 10 löndum. Erlent vinnuafli sækir orðið meira í almenn fiskvinnslustörf heldur en íslenskt verkafólk. Á myndinni má sjá þróun í fjölda íslenskra og erlendra starfsmanna í fiskvinnslum samstæðunnar.



Allir stjórnendur FISK Seafood samstæðunnar hafa það að leiðarljósi að félagið virði almenn mannréttindi, gildandi kjarasamninga og önnur lögbundin réttindi. Félagið mismunar ekki starfsfólki út frá kyni, kynhneigð, uppruna eða trú. FISK Seafood hefur einsett sér að óútskýrður launamunur fari ekki yfir 5% og til að tryggja það hefur félagið haft gilda jafnlaunavottun samkvæmt ÍST85:2012 staðli síðan 2019.

Jafnlaunavottun

Meginreglur í launastefnu FISK Seafood eru:

- Innleiða vottað jafnlaunakerfi sem byggist á jafnlauna staðlinum ÍST 85:2012, það skjalfest og því viðhaldið. Afla vottunar fagglíðs aðila og viðhalda slíkri vottun samkvæmt staðli
- Framkvæma launagreiningu að minnsta kosti einu sinni á ári þar sem borin eru saman jafnverðmæt störf og athugað hvort mælist munur á launum eftir kyni
- Bregðast við óútskýrðum launamun með stöðugum umbótum og eftirliti
- Uppfylla skilyrði staðals um innri úttektir og athugun / stjórnenda árlega
- Fylgja viðeigandi lögum, reglum og kjarasamningum sem varða fyrirtækið á hverjum tíma og staðfesta að farið sé að lögum

Starfsmannafélög

Á öllum vinnustöðum er mikilvægt að hafa virk starfsmannafélög. Slík félög eru vettvangur fyrir starfsfólk til að hittast utan vinnutíma og kynnast betur og með persónulegri hætti en ella. FISK Seafood samstæðan styður starfsmannafélögin með ýmsum hætti, m.a. með fjárhagslegri umbun fyrir aðstoð starfsfólks á umhverfis- og sjómannaþegi, gluggaþvott í húsnæði fyrirtækisins o.fl. slík vinna eflir líðsanda á vinnustöðum og þjappar hópnum saman.

» *FISK Seafood nálgast verkefni sín af mikilli virðingu fyrir þeirri auðlind sem fyrirtækinu er trúð fyrir*

Fræðsla

Síðustu tvö árin hefur verið unnið að gerð námsefnis og innleiðingu á Eloomi fræðsluforriti fyrir landvinnsluna á Sauðárkróki. Vel hefur gengið að koma efninu áleiðis til starfsfólks í gegnum stafrænar lausnir enda þótt yfirstiga hafi þurft ýmsar hindranir. Helstu áskoranir okkar, og margra annarra fyrirtækja í sjávarútvegi, eru fólgnir í því að við erum fjölbreyttir vinnustaður þar sem sumir starfsmenn tala jafnvel hvorki íslensku né ensku.

Sjómennirnir okkar sækja sér grunnfræðslu ásamt símenntun til Slysavarnarskóla sjómanna og á síðasta ári fóru 25 einstaklingar í endurmenntun sem alls nemur um 200 fræðslustundum á árinu, eða átta stundum á hvern starfsmann. Námskeiðin samanstóðu af hefðbundinni símenntun í öryggismálum, nýliðafræðslu um öryggisþætti og sjúkrá hjálpi og skipum. Miðað er við að hver sjómaður sækji sér endurmenntun hjá Slysavarnarskóla sjómanna að minnsta kosti á fimm ára fresti.

Í töflunni hér að neðan má sjá dæmi um samantekt fræðslustunda annarsvegar hjá sjómönnum FISK Seafood og hins vegar hjá starfsfólki landvinnslunnar á Sauðárkróki.

	2021	2022
Gæðamál	152	146
GÁMES (HACCP)	76	36
Rekjanleiki afurða	8	71
Öryggismál	38	8
Skyndihjálpi	280	0
Slysavarnarskóli sjómanna	94	200
Ýmislegt	76	142

Öryggismál

Öryggi starfsfólks í vinnu sinni fyrir FISK Seafood er félaginu stöðugt keppikefli. Áhersla er lögð á virkt vinnuverndarstarf sem er sinnt af öryggisfulltrúum og öryggisvörðum.

Við hvetjum starfsfólk okkar til að láta vita um bilanir eða það sem betur mætti fara á starfsstöðvum okkar. Brugðist er við hvers kyns ábendingum eins fljótt og auðið er.


Í lok árs var innleidd ný öryggis- og þjálfunarhandbók í skip félagsins. Grunnur að bókinni var samstarfsverkefni Samgöngustofu, Siglingaráðs og Slysavarnarskóla sjómanna þar sem FISK Seafood og áhöfnin á Drangey SK-2 tók þátt í þróunarferlinu. Handbókin er byggð á ISM (International Safety Management) öryggis- og umhverfisstaðli fyrir skip.

FISK Seafood er virkur þátttakandi í Öryggishópi Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi.

Slys

Um áranir hefur FISK Seafood notað atvikaskráningakerfi VÍS, ATVIK, og tók meðal annars þátt í þróun á ATVIK – sjómenn, sem nú er gagnagrunnur í eigu Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Allir starfsmenn eru hvattir til að skrá ábendingar, næstum slys, minniháttar slys, fjarveruslys (meira en tveir dagar frá vinnu) og ógn sem þeir verða fyrir við störf hjá félaginu. Starfsfólk getur skráð með snjalltækinu sínu eða í tölvum í sameiginlegum rýmum á starfsstöðvum. Samantekt skráninga á ábendingum og næstum slysum hefur skilað sér í auknum úrbótum á starfsstöðvum og aukinni árvekni og öryggisvitund starfsmanna.


Á árunum 2020-2022 hefur okkur tekist að fækka fjarveruslysum á sjó og í landi. Hins vegar hefur skráningu á minniháttarslysum fjölgað til sjós og er það vegna aukinnar hvatningar frá félaginu að sjómenn skrái bæði stærri og smærri atvik. Í landi eru algengustu fjarveru-, og minniháttarslysin vegna vinnu með handverkfæri þegar fólk sker sig eða stingur við snyrtingu á fiski. Árið 2020 tókum við í notkun tregskerandi hanska í landvinnslunni á Sauðárkróki sem hafa leitt til fækkunar á skurðarslysum en koma síður í veg fyrir stunguslys.



Samfélagið

FISK Seafood, Sofíanna Cecilsson og Steinunn ehf. veita námsfélagi sínu margvíslegan fjárhagslegan stuðning, einkum til íþróttafélaga og góðgerðarmála. Íþróttaiðkun barna og unglinga hefur mikið forvarngildi og sterkir afreksíþróttahópar eða -einstaklingar eru í senn mikilvæg hvatning og fyrirmynd þeirra sem yngri eru. Við höfum lagt ýmsum íþróttagreinum og einstökum deildum þeirra lið með kaupum á búnaði, styrktarauglýsingum og fleiru. Við höfum einnig verið styrktaraðilar einstakra móta og lagt okkar af mörkum með þeim fjárstuðningi við rekstur einstakra afreksíþróttadeilda.

Árið 2022 afhentu félögin styrki til íþróttar-, góðgerðar- og menningarmála sem skiptust þannig:



Umhverfisdagurinn

Árlegur Umhverfisdagur FISK Seafood rann upp þann 7. maí en á þeim degi mæta stórir fjöldar vinnu- og heimisókn til nemenda í 9. bekk Ármúskóla og fræðdum bá um áskoranir félagsins í umhverfismálum. Var þetta gert í tengslum við verkefni Matis sem heitir „Grænin Ármúskóli framtíðar“. Einnig gáfum við öllum grunnskólum í Skagafirði og Grundarfirði kennslubækur fyrir nemendur á unglingastigi þar sem unnið er með hvatningu og ráð fyrir einstaklinga í vegferðinni til að verða sinnar eigin gæfu smíður.

Skóli og atvinnulíf


Við leggjum okkar af mörkin til tengslanna á milli skóla og atvinnulífs. Á árinu fórum við í heimsókn til nemenda í 9. bekk Ármúskóla og fræddum bá um áskoranir félagsins í umhverfismálum. Var þetta gert í tengslum við verkefni Matis sem heitir „Grænin Ármúskóli framtíðar“. Einnig gáfum við öllum grunnskólum í Skagafirði og Grundarfirði kennslubækur fyrir nemendur á unglingastigi þar sem unnið er með hvatningu og ráð fyrir einstaklinga í vegferðinni til að verða sinnar eigin gæfu smíður.

Í haust gáfum við öllum nemendum í málmíðnaðardeild Fjölbrotaskóla Norðurlands 2022 öryggisgó, en þeir eru hluti af þeim búnaði sem nemendur á brautinni verða að útvega sér til að geta stundað námið. Gjöfin var hluti af stærra verkefni sem Byko, Hagi og FNV standa fyrir en þar fá allir nemandur á fyrsta ári öryggisbúnað að gjöf.

Á árinu afhenti FISK Seafood Háskólanum á Hólum húsnæði fyrrum fiskeldisstöðvar félagsins í Hjaltaadal að gjöf. Einnig var skólanum færð peningagjöf vegna flutnings og frekari uppbyggingar á aðstöðu fiskeldisstöðvar skólans sem síðastliðin tæp 20 ár hefur verið án endurgjalds í húskynnum FISK Seafood. Vegna fyrirhugaðrar nýbyggingar háteknifyrirstíðs FISK Seafood á Eyriinni var óhjákvæmilegt að finna starfsemi skólans nýtt húsnæði auk þess sem bekkurinn var orðinn þröngt settinn í þessari langvarandi bráðabirgðaaðstöðu skólans á Sauðárkróki.

Innkaup

Félagið leggur áherslu á verslun og viðskipti í heimabyggð og það skiptir því miklu máli að í henni sé öflug þjónusta á ýmsum sviðum. Einnig leggjum við áherslu á að kaupa eins mikið af aðföngum innanlands og frekast er unnt. Árið 2022 var 99% af aðkeyptum vörum og þjónustu í gegnum íslenska birgja og þar af voru 55,7% allra viðskipta gerð við nærsamfélagið, það er fyrirtæki á Norðurlandi vestra eða á Snæfellsnesi.



Sjómannaþingurinn

FISK Seafood hélt sjómannaþinginn hátíðlegan og sóttu bæjarbúar heim fjölbreytta dagskrá fyrir börn og fullorðna. Boðið var í skemmtisíglingu um borð í Drangey SK-2 þar sem Ágúst Ómarsson skipstjóri og áhöfn hans tóku vel á móti gestum og sigldu með þá út á fjörð. Eftir að komið var í land tók við fjölskyldudagskrá með tilheyrandi skemmtiatriðum og alls kyns veitingum. Um kvöldið var starfsfólki FISK Seafood á vandenju boðið til kvöldverðar í íþróttahúsinu á Sauðárkróki.

Samfélagsþpor

Samfélagsþpor samstæðunnar gefur heildstæða mynd af öllum opinberum gjöldum og sköttum sem greiddir eru til hins opinbera vegna starfsemi félagsins. Samstæðan greiddi 1.631 milljón króna í skatta og gjöld á árinu 2022. Einnig innheimti samstæðan 1.265 milljónir kr. á árinu af starfsfólki fyrir ríkissjóð. Samfélagsþpor starfseminnar árið 2022 er því alls 2.895,6 milljónir króna.

	2021	2022
Tekjuskattur	381.553	243.740
Tryggingargjald	221.229	289.604
Mótframlag í lífeyrissjóði	323.014	396.435
Veiðigjöld	414.157	394.276
Gjöld til hafnarsjóða	120.871	147.888
Aðrir skattar og gjöld	159.151	66.730
Kolefnisgjald	93.270.288	91.898.935
Innheimtir skattar vegna einstaklinga	946.134.800	1.265.049.889
Samtals	2.566.109.794	2.895.620.941

Skýrar verklagsreglur

Stjórn og forsvarsmenn FISK Seafood kappkosta góða stjórnarhætti sem ráðast einkum af starfsreglum stjórnar, samþykktum félagsins og lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög.

Stjórn félagsins sendir frá sér stjórnarháttayfirlýsingu ár hvert sem er birt samhliða ársreikningi. Stjórnarháttayfirlýsingin er þáttur í innleiðingu góðra stjórnarháttanna hjá félaginu með það fyrir augum að styrkja innviði þess og auka gagnsæi í starfseminni. Góðir stjórnarhættir leggja grunninn að vandaðri stjórnun og ákvarðanatöku og stuðla að traustum samskiptum á milli eigenda, stjórnar, stjórnenda og annarra hagaðila.

Aðalfundur kýs árlega fimm aðalmenn í stjórn og fimm til vara. Stjórnarmenn eru kosnir til eins árs í senn. Stjórn ber ábyrgð á því að starfsemi félagsins sé í samræmi við lög og reglur sem um félagið gilda og góða viðskipta- og stjórnarhætti. Stjórnin sinnir stefnumótun og töku stærri ákvarðana í rekstri félagsins í samræmi við starfsreglur stjórnar. Stjórn skal einnig hafa eftirlit með bókhaldi og fjárreiðum félagsins. Í stjórn félagsins sitja þrjú karlar og tvær konur og uppfyllir félagið því ákvæði laga um kynjahlutföll í stjórnnum stórra félaga.

Stjórn og framkvæmdastjóri félagsins eru ábyrg fyrir því að til staðar sé fullnægjandi innra eftirlit og áhættustýring hjá félaginu. Markmið stjórnar með innra eftirliti og áhættustýringu er að stuðla að því að félagið nái markmiðum sínum varðandi tilgang og skyldur félagsins, afkomu og áreiðanleika fjárhagsupplýsinga auk þess að starfsemin sé í hvívetna í samræmi við lög og reglur. Áhættustýring felur í sér reglulegt innra eftirlit þar sem fjárhagslegar áhættur eru greindar, vaktaðar og kynntar á stjórnarfundum. Helstu fjármálalegu áhættur sem hafa áhrif á félagið eru gjaldmiðlaáhætta, vaxtaáhætta og lausafjárahætta.

Innra eftirlit FISK Seafood byggir á skýru skipulagi og aðgreiningu starfa. Unnið er að skilgreiningu og skjölun ferla sem mynda virkar eftirlitsaðstæður. Reglubundin uppgjör eru mikilvægur hluti innra eftirlits og er fylgst með gæðum upplýsinga og helstu kerfa. Stjórn FISK Seafood ber ábyrgð á innra eftirliti en endurskoðunarnefnd starfar í umboði stjórnar og fylgist m.a. með skilvirkni innra eftirlits til samræmis við skyldur sínar.

Árið 2022 komu ekki upp nein frávik frá leiðbeiningum um góða starfshætti. Engin mál komu upp vegna brota á lögum og/eða reglum sem viðeigandi eftirlits- og eða úrskurðaraðilar hafa ákvarðað.

Stjórn og starfsfólk skulu starfa af heiðarleika og heilindum, kynna sér vel þau lög og reglur sem gilda um starfsemi félagsins og hafa skilning á hlutverki sínu og ábyrgð samkvæmt starfsreglum stjórnar. Árið 2020 setti félagið sér siðareglur þar sem meðal annars er fjallað um gjafir og hagsmuni. Það er okkur mikið kappsmál að stunda heiðarleg viðskipti og að við veitum hvorki né þiggjum fjárhagslega umbun sama hverjar aðstæðurnar eru og sama hver á í hlut.

Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem meðal annars er að finna ákvæði um skiptingu starfa innan stjórnar, verksvið stjórnar, stjórnarformanns og framkvæmdastjóra, verklag og reglur um fundarsköp, upplýsingagjöf og fleira. Hver stjórnarmaður skal koma í veg fyrir að málefni hans, hvort heldur sem eru persónulegs eða viðskiptalegs eðlis, leiði til beinna eða óbeinna hagsmunaárekstra milli hans og félagsins samkvæmt ákvæðum starfsreglna stjórnar. Siðareglurnar eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Framkvæmdastjóri ber ábyrgð á daglegum rekstri félagsins. Formaður stjórnar er málsvari hennar og kemur fram fyrir hennar hönd varðandi málefni félagsins, nema hún ákveði annað. Einnig kemur formaður fram út á við fyrir hönd félagsins ásamt framkvæmdastjóra í samræmi við það sem almennt tíðkast og eftir aðstæðum hverju sinni.

Á starfsárinu 2022 voru haldnir 12 stjórnarfundir.



Stjórn

Þórólfur Gíslason, fæddur 1952, hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 1989 og er stjórnarformaður félagsins. Þórólfur er með stúdentspróf frá Samvinnuskólanum á Bifröst og hefur starfað sem kaupfélagsstjóri hjá Kaupfélagi Skagfirðinga síðan 1988. Þórólfur hefur viðtæka stjórnunar- og rekstrarreynslu.

Ingileif Oddsdóttir er fædd 1964 og hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2011. Ingileif er með BA-gráðu í sálfræði og kennsluréttindi í uppeldis- og kennslufræðum, meistaragráðu í náms- og starfsráðgjöf og með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu. Hún hefur verið skólameistari Fjölbrautaskóla Norðurlands vestra frá árinu 2011. Áður starfaði hún sem framhaldsskólakennari og náms- og starfsráðgjafi.

Bjarni Maronsson er fæddur 1949. Hann hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2011, fyrst sem varamaður í stjórn en aðalmaður síðan 2012. Bjarni er með B.Sc. próf í búvísindum frá Bændaskólanum á Hvanneyri auk þess að vera búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal. Bjarni var lengst af héraðsfulltrúi Landgræðslu ríkisins á Norðurlandi vestra sem starfsmaður Búnaðarsambands Skagfirðinga auk þess sem hann sinnti kennslu og fleiri verkefnum tengdum landbúnaði og bústörfum.

Herdís Á Sæmundardóttir er fædd 1954 og hefur setið í stjórn FISK Seafood frá árinu 2013. Herdís er með MA gráðu í opinberri stjórnsýslu og hefur starfað sem sviðsstjóri fjölskyldusviðs hjá sveitarfélaginu Skagafirði frá 2008. Áður starfaði hún sem fræðslustjóri hjá sveitarfélaginu Skagafirði auk þess að gegna stöðu stjórnarformanns Byggðastofnunar og formennsku í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Sigurjón R. Rafnsson er fæddur 1965 og hefur verið aðalmaður í stjórn FISK Seafood frá árinu 1996. Sigurjón er stúdent frá Menntaskólanum í Reykjavík, búfræðingur frá Hólum í Hjaltadal og viðskiptafræðingur með cand.oecon gráðu frá Háskóla Íslands. Sigurjón hefur starfað frá 1993 hjá Kaupfélagi Skagfirðinga svf. og verið aðstoðarkaupfélagsstjóri frá árinu 1995. Sigurjón hefur viðtæka rekstrarreynslu hjá KS og dótturfélögum og einnig sem stjórnarmaður í mörgum fyrirtækjum.

Framkvæmdastjóri

Friðbjörn Ásbjörnsson er framkvæmdastjóri FISK Seafood. Hann er fæddur árið 1984 og uppalinn við sjóinn á Snæfellsnesi. Friðbjörn brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Ármúla og hefur m.a. lokið námi við Stjórnendaskóla Háskólans í Reykjavík fyrir stjórnendur í íslenskum sjávarútvegsfyrirtækjum. Friðbjörn er með skipstjórnar- og vélstjóraréttindi. Hann hóf ásamt bræðrum sínum störf við útgerðarfyrirtæki foreldra sinna, Nesver, strax á unglingsárum. Meðfram námi sínu til stúdentsprófs og að því loknu starfaði hann einnig að uppbyggingu og rekstri fiskmarkaða og vann við kvótamiðlun um árabíl. Friðbjörn hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Soffaníasar Cecilssonar ehf. frá 2017 og framkvæmdastjóra FISK Seafood frá 2018 eftir að hafa starfað sem aðstoðarframkvæmdastjóri hjá félaginu.

Endurskoðunarnefnd

Gunnar Þór Ásgeirsson – Formaður nefndar

Herdís Á Sæmundardóttir

Ingileif Oddsdóttir

» Þekkingin sem fölgin er í mannaúði sjávarútvegsins til sjós og lands er sjálfstæð auðlind og lanot í frá minni en sú sem myndir í lögsögunni

Umhverfi

Losun gróðurhúsalofttegunda

Vísir	Eining	2021	2022
Umfang 1			
Eldsneyti skip	tCO2íg	21.234	21.004
Kælimiðlar		329	760
Umfang 2			
Rafmagn	tCO2íg	72	60
Umfang 3			
Eldsneytis- og orkuframleiðsla	tCO2íg	4.966	4.874
Úrgangur	tCO2íg	65	26
Flutningur og ferðalög	tCO2íg		10
Samtals	tCO2íg	26.666	26.734

Losunarkræfni gróðurhúsalofttegunda

Vísir	Eining	2021	2022
Losunarkræfni orku	tCO2í/kWst	3,6	4,3
Losunarkræfni starfsmanna	tCO2í/stöðugildi	98,8	99,4
Losunarkræfni á hvern fermetra	tCO2í/m2	0,9	1,1
Losunarkræfni m.v. rekstrartekjur	tCO2í/þús.kr.	2.571,5	1.977,2
Losunarkræfni á veitt tonn	tCO2í/veitt tonn	1,1	1,1

Orkunotkun

Vísir	Eining	2021	2022
Heildarmagn beinnar orku	kWst	93.898.119	89.391.593
Heildarmagn óbeinnar orku	kWst	36.155.950	20.275.400

Orkukræfni

Vísir	Eining	2021	2022
Orkukræfni stöðugildi	kWst/stöðugildi	347.771	323.311
Orkukræfni rekstrartekjur	kWst/þús.kr.	9.055	6.611
Orkukræfni á fermetra	kWst/m2	3.066	3.715
Orkukræfni á veitt tonn	tCO2í/þús.kr.	1,1	1,1

Samsetning orku

Vísir	Eining	2021	2022
Jarðefnaeldsneyti	%	72,2	81,5
Endurnýjanleg orka	%	27,8	18,5

Vatnsnotkun

Vísir	Eining	2021	2022
Kalt vatn rúmmetrar	m3	7.769.629	219.373
Heitt vatn rúmmetrar	m3	498.193	243.992

Umhverfisstarfsemi

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið formlegri umhverfisstefnu?	Já/Nei	Já	Já
Fylgir fyrirtækið sérstökum úrgangs-, vatns-, orku- og/eða endurvinnslustefnum?	Já/Nei	að hluta	að hluta
Notar fyrirtækið viðurkennt orkustjórnunarkerfi?	Já/Nei	Nei	Nei

Loftslagseftirlit / stjórn

Vísir	Eining	2021	2022
Hefur stjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	nei	nei

Loftslagseftirlit stjórnenda

Vísir	Eining	2021	2022	Athugasemdir
Hefur framkvæmdastjórn yfirumsjón með og/eða stýrir loftslagstengdri áhættu?	já/nei	nei	nei	

Mildun loftlagsáhættu

Vísir	Eining	2021	2022	Athugasemdir
Fjárfestingar í loftlagstengdum innviðum og vörubrúun (þús.kr.)	þús. kr.	141.000	0	

Félagslegir þættir

Launahlutfall framkvæmdastjóra

Vísir	Eining	2021	2022	Athugasemdir
Hlutfall heildarlaunagreiðslu framkvæmdastjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi.	x:1	6,2	4,8	
Er þetta hlutfall sett fram af fyrirtækinu í skýrslugjöf til yfirvalda?	já/nei	nei	nei	

Launamunur kynjanna

Vísir	Eining	2021	2022	Athugasemdir
Hlutfall miðgildis launagreiðslna karla(x) og miðgildis launagreiðslna kvenna í landi	X:1	1,13	1,06	

Starfsmannavelta

Vísir	Eining	2021	2022	Athugasemdir
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi á sjó	%	13,6	14,0	
Árleg breyting starfsmanna í fullu starfi í landi	%	13,0	13,7	
Árleg breyting starfsmanna í hlutastarfi, í prósentum	%	-	3,6	
Starfslok	%	-	8	

Kynjafjölbreytileiki

Vísir	Eining	2021	2022
Kynjahlutfall innan fyrirtækis í prósentum			
Karlar	%	76,7	77
Konur	%	23,3	23
Önnur kyn	%	0	0
Kynjahlutfall í störfum í efsta starfsmannalagi og sem framkvæmdastjórar, í prósentum			
Framkvæmdastjóri - karlar (eitt stöðugildi)	%	100	100
Yfirmenn deilda - karlar	%	50	50
Yfirmenn deilda - konur	%	50	50

Hlutfall tímabundinna starfskrafta

Vísir	Eining	2021	2022	Athugasemdir
Starfsfólk í fullu starfi	%	97,8	94,2	
Starfsfólk í hlutastarfi	%	2,2	5,8	

Aðgerðir gegn mismunun

Vísir	Eining	2021	2022
Aðgerðir gegn mismunun	Já/Nei	Já	Já

Vinnusýsatíðni

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu í öryggis- og vinnuverndarmálum?	Já/Nei	Já	Já
Tíðni sýsatengdra atvika, sem hlutfall af heildar fjölda starfsmanna á sjó	%	4,5	3,8
Tíðni sýsatengdra atvika, sem hlutfall af heildar fjölda starfsmanna í landi	%	8,0	3,7

Hnatræn heilsa og öryggi

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið starfstengdri og/eða hnatrænni stefnu um heilsu og öryggi?	Já/Nei	Já	Já

Barna- og nauðungarvinna

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið stefnu gegn barna- og/eða nauðungarvinnu?	Já/Nei	Já	Já
Ef já, nær stefnan gegn barna- og/eða nauðungarvinnu einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei	Nei

Mannréttindi

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið þitt mannréttindastefnu?	Já/Nei	Já	Já
Ef já, nær mannréttindastefnan einnig til birgja og seljenda?	Já/Nei	Nei	Nei

Stjórnarhættir

Kynjahlutfall í stjórn

Vísir	Eining	2021	2022
Hlutfall kvenna í stjórn	%	40	40
Hlutfall kvenna í formennsku nefnda	%	0	0

Óháði stjórnar

Vísir	Eining	2021	2022
Bannar fyrirtækið forstjóra að finna stjórnarformennsku	Já/Nei	Já	Já
Hlutfall óháðra stjórnarmanna	%	100	100

Kaupaukar

Vísir	Eining	2021	2022
Fá framkvæmdastjórar formlegan kaupauka fyrir að ná árangri?	Já/Nei	Nei	Nei

Kjarasamningar

Vísir	Eining	2021	2022
Hlutfall starfsmanna fyrirtækisins í prósentum sem fellur undir almenna kjarasamninga	%	99,3	98,5

Síðareglur birgja

Vísir	Eining	2021	2022
Ber seljanda þínum eða birgjum að fylgja síðareglum?	Já/Nei	Nei	Nei

Síðferði og aðgerðir gegn spillingu

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um síðferði og/eða aðgerðum gegn spillingu?	Já/Nei	Já	Já
Ef já, hve hátt hlutfall starfsfólks hefur formlega vottað að það fylgi stefnunni?	%	0	0

Persónuvernd

Vísir	Eining	2021	2022
Fylgir fyrirtækið þitt stefnu um persónuvernd	Já/Nei	Já	Já
Hefur fyrirtækið þitt hafist handa við að fylgja GDPR reglum?	Já/Nei	Já	Já

Sjálfbæriskýrsla

Vísir	Eining	2021	2022
Gefur fyrirtækið þitt út sjálfbæriskýrslu?	Já/Nei	Já	Já
Eru gögn um sjálfbærni að finna í skýrslugjöf til yfirvalda?	Já/Nei	Nei	Nei

Starfsvenjur við upplýsingagjöf

Vísir	Eining	2021	2022
Veitir fyrirtækið þitt upplýsingar um sjálfbærni til viðurkendra aðila með skipulögðum hætti?	Já/Nei	Nei	Nei
Leggur fyrirtækið þitt áherslu á tiltekin heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun (UN SDGs)?	Já/Nei	Já	Já
Setur fyrirtækið þitt markmið og gefur skýrslu um framvindu heimsmarkmiða SP?	Já/Nei	Nei	Nei

Gögn tekin út/sannreynd af þriðja aðila

Vísir	Eining	2021	2022
Er upplýsingagjöfin þrin um sjálfbærni árituð eða endurskoðuð af þriðja aðila?	Já/Nei	Nei	Nei